

INGLOURIOUS BASTERDS
FRÁ LEIKSTJÓRA **QUENTIN TARANTINO**
KEMUR HANS MAGNADASTA, VILLTASTA OG STÖRKOSTLEGASTA ÆVINTYRI TIL ÞESSA

16

★★★★★
S.V. - MBL

★★★★★
T.V. - KVÍKMYNDIR.IS

★★★★★
H.G.G. POPPLAND/RÁS 2

SÝND Í ALFABAKKA

DRAG ME TO HELL
FRÁ **SAM RAIMI**
LEIKSTJÓRA EVIL DEAD OG SPIDER MAN
MYNDANNA SEM ER Í TOPPFORMI Í SINNI BESTU KVÍKMYND TIL ÞESSA!

16

GAGNRÝNENDUR ERU Á EINU MÁLI:
ENTERTAINMENT WEEKLY - 100/100
LOS ANGELES TIMES - 100/100
WALL STREET JOURNAL - 100/100
WASHINGTON POST - 100/100

SÝND Í ALFABAKKA OG AKUREYRI

G-FORCE
HEIMURINN ÞARF STÆRRI HETJUR

SÝND MED ÍSLENSKU TALI
FÓR BENT Á TOPPINN Í USA

16

SÝND Í ALFABAKKA OG KRINGLUNNI

THE PROPOSAL
SÍÐUSTU SYNGINGAR

16

SAMBIÓIN / AKUREYRI			SAMBIÓIN / KEFLAVÍK			SAMBIÓIN / SELFOSSI		
REYKJAVIK WHALE WAT...	kl. 8 - 10	16	REYKJAVIK WHALE WAT...	kl. 8 - 10:10	16	REYKJAVIK WHALE WATCHING	kl. 8 - 10	16
THE PROPOSAL	kl. 8	12	UPP (UP) m. ísl. tali	kl. 8	12	G.I. JOE	kl. 8	12
DRAG ME TO HELL	kl. 10	16	KARLAR SEM HATA KON...	kl. 10:10	16	CROSSING OVER	kl. 10:20	16

) 5758900

BEETHOVENFEST BONN

UPPLIFÐU BEETHOVEN Í 5.1 HLJÓÐI OG HÁSKERPU MYND Í BEINNI ÚTSENDINGU Á HVÍTA TJALDINU

[HTTP://SINFO.SAMBIOIN.IS](http://sinfo.sambioin.is)



Endurkynni? Eitt af flennistórum málverkum Kínverjanna, ramma úr Börnum náttúrunnar, með áritun Friðriks.

Grallaraspóarnir Frikki og Lars

AF LISTUM



Helgi Snær Sigurðsson

Upplifun okkar af kvikmyndinni er ólík því að skoða málverk þar sem við ráðum því sjálf hve langan tíma við tökum okkur til að skoða myndina og velta henni fyrir okkur.

Svo segir m.a. í texta Jóns Proppé um myndlistarsýningu kvikmyndaleikstjóranna Lars von Trier og Friðriks Þórs Friðriks-sonar, *Endurkynni rammanna*, sem stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Á sýningunni gefur að líta flennistór málverk (hálfpartinn troðið inn í B-sal Hafnarhússins) sem þeir Friðrik og Lars fengu kínverska málara til að gera eftir völdum myndarömmum úr verkum sínum. „Sýningunni er þannig ætlað að raska vana okkar og fá okkur til að hugsa öðruvísi um þær myndir sem birtast okkur í kvikmyndunum, að staldra við og skoða efnið í öðru sambandi og með öðrum augum. Hvað er kvikmynd? Hvað er málverk? Hvað er veruleiki? Listformin kallast á og eru að ýmsu leyti sama eðlis. Í báðum stýrist merking og áhrifamáttur myndarinnar af byggingu, litum og formum, og af innri spennu og lífi myndflatarnar,“ segir enn fremur í

» Hvar eru Kínverjarnir sem máluðu verkin? Sennilega að mála risastórt olíumálverk af einhverju gæludýri.

textanum. Miðað við þessar þælingar virðist vera um alvarlega sýningu að ræða. Eða hvað?

Lars og Friðrik eru gæðaleikstjórar, þeir hafa gert frábærar kvikmyndir, hafa næmt auga og frásagnargáfu, eru víðsýnir og síðast en ekki síst húmoristar. Þeir hafa gaman af því að ögra fólki eins og sást glögglega í *Brennu-Njáls-sögu* og *Idioterne*. Og sýningin í Hafnarhúsinu er svo sannarlega sprenglæggileg, hún er það léleg. Þælingar um að listformin kallist á eru ekkert nýtt, eiginlega hálfþreytandi, sjónlistir tengjast innbyrðis þótt eðli þeirra sé ólíkt. Þetta eru ólíkar listgreinar og háðar ólíkum lögmálum. Olíumálverk af manni að skjóta sig í hausinn hefur önnur áhrif á mann en kvikmynd sem sýnir mann skjóta sig í hausinn, svo eitthvað dæmi sé tekið. Í fyrstu eru það mikil vonbrigði að sjá framkvæmd þessarar hugmyndar. „Hörnung“ er orð sem kemur upp í hugann. Var það hluti af hugmyndinni að láta slaka list-

málara mála málverkin? Já, það hlýtur að vera. Hefðu þeir félagar ekki getað fundið aðeins betri málara? Auðvitað, en það væri allt önnur sýning. Verkin í Hafnarhúsinu eru með öllu andlaus og ópersónuleg, líkt og málarnir eða málarnir hafi enga tengingu við myndefnið og geti ómögulega gætt það töfrum eða lífi. Sjálfsagt var það ætluð grallaraspóanna Frikka og Lars. Persónulega hefði mér þótt áhugaverðara að sjá þá mála verkin, yfirfæra verk sín sjálfir á striga. En þau hefðu getað orðið miklu verri og brandarinn misst marks. Það sem við blasir er algjör andstæða kvikmyndanna sem rammarnir eru fengnir úr, algjör flatneskja og smekkleysa, líkt og nemandi á fyrsta ári í listmálun hafi verið að vinna sér inn smá aukapening með náminu og unnið í kapp við klukkuna. Og stærðin á verkunum (þau eru fáránlega stór) gerir þetta allt enn fáránlegra.

Hvar stendur svo Listasafn Reykjavíkur eftir að hafa eytt dýrmætu sýningarrými í jafnfurðulega sýningu? Er það að fíkra sig í átt að aulahúmor? Hvar eru Kínverjarnir sem máluðu verkin? Sennilega að mála risastórt olíumálverk af einhverju gæludýri. Er þetta versta myndlistarsýning ársins? Eða er hún kannski sú besta? Það veltur allt á skopskyni þess sem um það dæmir. helgisnaer@mbl.is

SUNDFÖTIN

fyrir næsta sumar

ÞAD mátti sjá það nýjasta í sundfatatískunni fyrir sumarið 2010 á sund- og nærfatasýningunni Mode City sem haldin var í París 5. til 7. september. Hvort sem stefnan er að skreppa til sólarlanda eða liggja í Nauthólsvíkinni næsta sumar er aldrei of seint að velta fyrir sér hvernig skal klæðast á ströndinni.

Flott Blátt og svalt bikíni með töffaralegum sólgleraugum.

Kvenleg Fallegt bikíni með doppum og slaufu.

Siðsamlegt Efnismikið bikíni með skemmtilegu skrauti.

Stíll Sundbolur, stór sólgleraugu og alþahúfa.

Mosagrænt Þetta bikíni færi vel við strandsandinn.

Myndir/Reuters